



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýningar
Blaðaljósmyndarafélags Íslands
12. febrúar 2005**

Góðir sýningargestir

Hugleiðum augnablik umræðuna um stríðið í Írak, umræðuna sem fram fer um allan heim, greinar, erindi, ræður, þætti í útvarpi og sjónvarpi, umfjöllun á þjóðþingum, ráðstefnum og í ríkisstjórnnum. Þúsundir hafa tekið þátt í þessum mikla málflutningi; nei, milljónir, tugmilljónir, jafnvel hundruð milljóna frá öllum löndum.

Gleymum um stund að meta hvað er rétt og hvað rangt í röksemdunum, vega hvað mælir með, hvað á móti, þótt auðvitað skipti afstaðan miklu máli. Spyrjum okkur sjálf: Hvað situr eftir? Hvað er skýrast í okkar huga?

Svörin verða sjálfsagt mörg en þó er ég viss um að myndirnar úr fangelsunum, myndirnar af nöktum fögum í böndum á beru gólfi eiga eftir að lifa lengst í hugum býsna margra.

Ljósmyndarinn hefur reynst áhrifamesta vitnið í þessu mikla málflutningi; myndirnar af fögum, hjálparvana, nöktum í hnút, höfðu höggkraft á við þúsundir fréttaskeyta.

Myndin reynist nú oft sterkari en orðið, líftími hennar lengri í fjölmiðlum heimsins. Hún er oft á dagskrá árum, jafnvel áratugum eftir að hún birtist í fyrsta sinn. Aftur og aftur er hún til sýnis þótt allir hafi gleymt hvað stóð í leiðurunum – og er þó höfundum þeirra enn raðað hærra í skipuriti fjölmiðlanna; kannski er það arfur frá fyrri tíð en ekki í takt við áhrifamáttinn á okkar tímum.

Værum við spurð um liðna öld, viðburði og merkisstundir, augnablik sem skiptu sköpum, atvik sem mörkuðu þáttaskil, táknræna túlkun á breyttum tímum – þá eru það myndirnar sem koma í hugann.

Gorbatsjov og Reagan að gá á klukkuna á tröppum Höfða, tíminn að renna út á gamla heimsmynd. Fischer og Spassky við borðið í Laugardalnum, eða kannski frekar Fischer og Sæmi í mannþrönginni; og enn eru þeir félagar á vettvangi dagsins. Kista Vimma fyrir utan Dómkirkjuna, myndin hinsta kveðja á heilli síðu í Dagblaðinu, heiðurskveðja til brautryðjanda nýrra tíma í umræðunni. Steingrímur á sundskýlunni að segja CBS frá ömmu sinni, vísbending um hið opna og hispurslausa stjórnarfar, lýðræðið þar sem allir eiga aðgang að leiðtoganum í sundlaugunum.

Þannig getum við spunnið þráðinn lengi dags, borið saman augnablikin sem glitra í fjársjóði minninganna og ætíð er það myndin sem lifir í hugum og hjörtum þjóðarinnar.

Sú sveit sem á vettvangi hefur ár af ári, í áratugi, safnað í þennan myndasjóð býður okkur ætíð á vetrardögum til uppskeruhátíðar liðins árs. Það er jafnan tilhlökkun að koma á sýninguna og sjá hvert blaðaljósmyndarar hafa beint linsum sínum, hvaða efnivið til aldarspegils þeir reiða fram, hvernig þeir ögra okkur til að vega og meta liðið ár á ferskan og frjóan hátt.

Það er einnig fagnaðarefni að nú hefur í fyrsta sinn verið gefin út bók um sýninguna og myndirnar þannig fengið sess sem Íslendingum hefur um aldir þótt hæstur, að bókfesta það sem til tíðinda er talið.

Samt munu myndirnar lifa sjálfstæðu lífi, utan við bókina, blöðin, netið eða annan vettvang þar sem þær birtust fyrst, lifa vegna þess að máttur þeirra er meiri en formið í fjölmiðluninni, meiri en orðin sem fylgja með.

Ég óska Blaðaljósmyndarafélagi Íslands til hamingju með árangurinn og þakka hið ríkulega framlag ykkar til þjóðarsögu, til sjálfsskilnings og þjóðfélagsvitundar okkar Íslendinga. Án þátttöku ykkar yrði upplifunin á lífsins göngu til muna fátæklegri, ferðin á engan hátt jafn skemmtileg.

Ég óska líka RAX til hamingju með framlag hans, Framandi heim.

Enn á ný leiðir hann okkur um nýjar slóðir, sýnir okkur mannlífið á ferskan hátt, vekur okkur nýja sýn á samhengið í lífi fólksins, vítt og breitt um veröldina. Ragnar er í raun líkt og tónskáld sem skapar nýja sífóníu, lætur myndirnar hljóma á annan hátt en áður var og upplifunin breytir sýn okkar á veröldina.

Auk þess að hrærast í kviku dagsins eru Ragnar og félagar hans að auðga menningu okkar með því að beina vélinni að kjarna sem áður var hulinn. Skapa með túlkun sinni verk sem eru meira í ætt við iðju skálda,

gefa samtímanum annan lit því myndirnar eru nær uppsprettu lífsins en hinn hrái texti í fréttaskeytum.

Ég óska ykkur öllum til hamingju með þessa uppskeruhátíð og lýsi því yfir að sýningin er hér með opnuð.